# Sunnudagur 6. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Sunnudagshugvekja.** Auðunn Bragi Sveinsson flytur.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Við feðginin** (Me and My Girl). Ný þáttaröð um bresku feðginin, ættingja þeirra og vini en fólk þetta skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkru.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Fjarkinn.** Dregið er úr innsendum miðum í happdrætti Fjarkans.
20.40 **Mannlegur þáttur** – Kreppa. Umsjón Egill Helgason.
21.05 **Andspyrna í Assisi.** (The Assisi Underground) – seinni hluti. Bandarísk sjónvarpsmynd. Leikstjóri Alexander Ramati. Aðalhlutverk Ben Cross, Maximilian Schell, James Mason, Irene Papas og Karl-Heinz Hackl. Myndin gerist á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari í ítölsku borginni Assisi. Neðanjarðarhreyfing undir forystu klerksins Rufinos bjargar hundruðum gyðinga undan stormsveitum Hitlers. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
22.45 **Byltingarvaka.** (La Nuit d'avant le Jour). Hátíðardagskrá í tilefni af vígslu Bastilluóperunnar í París. M.a. verða fluttar aríur úr þekktum óperum og meðal söngvara eru June Anderson, Teresa Berganza, Barbara Hendricks og Placido Domingo.
0.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.25 **Amma í garðinum.** Amma Gebba býr í skrýtnu húsi með skrýtnum garði. Þar er oft glatt á hjalla og margt skemmtilegt getur gerst. Leikendur: Saga Jónsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Elfa Gísladóttir, Eyþór Árnason og Júlíus Brjánsson.
9.35 **Litli folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
10.00 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.15 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
10.40 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.05 **Kóngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.25 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
11.50 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
12.15 **Óháða rokkið.** Ferskur tónlistarþáttur.
12.35 **Mannslíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann.
13.05 **Stríðsvindar.** North and South. Vegna fjölda áskorana hefur Stöð 2 ákveðið að endursýna þessa stórkostlegu framhaldsmynd sem byggð er á metsölubók Johns Jake. Fyrsti af sex í seinni hluta þáttanna. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
14.45 **Framtíðarsýn.** Beyond 2000. Geimvísindi, stjörnufræði, fólks- og vöruflutningar, byggingaraðferðir, arkitektúr og svo mætti lengi telja. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
15.40 **Víetnam eftir stríð.** Good-Bye Ho Chi Minh.
17.10 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. **Late Shakespeare.** Umsjón Melvyn Bragg.
18.05 **Golf.** Sýnt frá alþjóðlegum stórmótum víða um heim með öllum bestu kylfingunum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Heimiliserjur.** Home Fires. Framhaldsmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Guy Boyd, Amy Steel, Max Perlich og Juliette Lewis.
22.05 **Lagt í'ann.** Sprengisandur er um margt forvitnilegur en eins og við vitum öll hafa fjallvegir landsins ekki verið með besta móti í sumar. Þegar átti að leggja í'ann yfir Sprengisand kom í ljós að hann var ófær og því var ákveðið að fara Kjöl þess í stað. Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson.
22.35 **Auður og undirferli.** Gentlemen and Players. Framhaldsþáttur í sjö hlutum. Annar hluti. Aðalhlutverk Brian Prothero, Nicholas Clay og Claire Oberman.
23.30 **Að tjaldabaki.** Backstage. Nýr frábær þáttur sem er vel þess virði að horfa á svona í vikulokin. Skyggnst er bak við tjöldin í kvikmyndaheiminum, stórstjörnur verða teknar tali og einnig þekktir leikstjórar.
23.55 **Heimsóknartími.** Visiting Hours. Leikkonan Lee Grant fer hér með hlutverk umdeildrar sjónvarpsfréttakonu sem gerir sér far um að vekja almenning til umhugsunar um málefni líðandi stundar. Þegar hér er komið sögu er viðfangsefni hennar réttur kvenna í nútímaþjóðfélagi og að venju dregur hún mismunandi viðbrögð áhorfenda sinna fram í dagsljósið. Einn þeirra lætur sér þó ekki nægja að lýsa hatri sínu á fréttakonunni. Aðalhlutverk: Lee Grant, William Shatner, Michael Ironside og Linda Purl. Stranglega bönnuð börnum.
1.40 **Kvikasilfur.** Quicksilver. Hann og reiðhjólið eru sem eitt. Umferðarþungi stórborgarinnar stöðvar ekki strákinn sem hefur það að atvinnu að sendast. Hann kynnist stelpu sem er sendill eins og hann en kemst að því að hún er leiksoppur forherts eiturlyfjasala. Hann verður að bregðast skjótt við. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Jami Gertz, Paul Rodriguez og Rudy Ramos. Bönnuð börnum.

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson prófastur á Hvoli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni.** með Einari Jóhannessyni klarinettuleikara. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Lúkas 18, 9-14.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Händel, Beecham, Corelli, Sammartini og Bach.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda.** Fyrsti þáttur. Lesari: Bergljót Kristjánsdóttir. Umsjón: Sverrir Tómasson.
11.00 **Messa í Fíladelfíukirkjunni.** Prestur: Sam Daníel Glad.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Mig langar að árroðans strönd.** Dagskrá um Jónas Guðlaugsson skáld, áður flutt á aldarafmæli hans, 27. septemnber 1987. Gunnar Stefánsson tók saman og talar um skáldið. Lesarar: Guðný Ragnarsdóttir og Viðar Eggertsson.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
17.00 **Sumartónleikar í Skálholtskirkju laugardaginn 29.** júlí. Barokksveit Sumartónleikanna flytur söng- og hljómsveitarverk eftir Johann Sebastian Bach. Kynnir: Daníel Þorsteinsson.
18.00 **Kyrrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Söngleikar.** Tónleikar í tilefni af 50 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra 5. nóvember sl. Fjórði þáttur af fimm: Hamrahlíðarkórinn og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Kynnir: Anna Ingólfsdóttir.
20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóðÅ eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (10.)
20.30 **Íslensk tónlist.** Ristur eftir Jón Nordal. Sigurður I. Snorrason leikur á klarinettu og Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó. Hræra, nokkur íslensk þjóðlög í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar. Blásarakvintett Reykjavíkur leikur. Konsert fyrir flautu og hljómsveit eftir Atla Heimi Sveinsson. Robert Aitken leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands; Páll P. Pálsson stjórnar.
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Sæfarinn sem sigraði Ísland. Þáttur um Jörund hundadagakonung eftir Sverri Kristjánsson. Eysteinn Þorvaldsson les (6.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05.)
23.00 **Mynd af orðkera** – Hannes Pétursson. Friðrik Rafnsson ræðir við skáldið um verk þess.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok** – Smetana, Brahms og Schubert. Strengjakvartett nr. 2 í d-moll eftir Smetana. Smetana kvartettinn frá Prag leikur. Sónata fyrir klarinettu og píanó í Es-dúr op. 120 eftir Johannes Brahms. Thea King leikur á klarinettu og Clifford Benson á píanó. Andante kafli úr ópus 166 efir Franz Schubert. Kammersveit úr St. Martin-in-the-Fields hljómsveitinni leikur.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Í sólskinsskapi í regngalla og stígvélum.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Skúli Helgason stytta fólki stundirnar um verslunarmannahelgina.
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Eva Ásrún Albertsdóttir í helgarlok.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á Rás 1.)
03.00 **Rómantíski róbótinn.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Næturnótur.**
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálina. Förum snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
13.00 **Eru ekki allir í stuði...** Dagskrárgerðarfólk Bylgjunnar kannar hvernig helgin hefur gengið. Stöðugar upplýsingar.
20.00 **Pia Hansson** leikur nýja tónlist og hefur ofan af fyrir hlustendum.
24.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

09.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson** og upplýsingadeild Stjörnunnar verða hlustendum hjálplegir og haft verður samband við útisamkomur.
13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** leikur hressa og skemmtilega tónlist, bæði nýja og gamla. Upplýsingadeildin kemur við sögu.
17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjón Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
24.00 **Samtengd næturvakt í alla nótt.**




## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Ferill og „FAN".** **Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.**
19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## EFF EMM 95,7

7.00 **Stefán Baxter.„Ó–þunnur".**
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **Íþróttaþáttur.** Kappakstur.
11.30 **Tískuþáttur.**
12.00 **Baby Comes Home.** Kvikmynd.
14.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
15.00 **Big Valley.** Vestraþáttur.
16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
17.30 **Fantasy Island.** Ævintýraþáttur.
18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.00 **Life's Most Embarrassing Moments.**
20.00 **A Man Called Horse.** Kvikmynd.
22.15 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.

## SKY MOVIES

13.00 **Stories From a Flying Trunk.**
15.00 **Aurora Encounter.**
17.00 **Going in Style.**
19.00 **Bus Stop.**
21.00 **Head Office.**
22.30 **The Terminator.**
00.15 **The Hitchhiker.**
00.45 **Making Love.**
03.00 **Going in Style.**

## EUROSPORT

9.30 **Golf.** Swedish Open.
10.30 **Trans World Sports.** Íþróttafréttir. 11.30 **Rugby.** Nýja Sjáland gegn Ástralíu.
12.30 **Hestaíþróttir.**
13.30 **Golf.** Swedish Open.
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Golf.** British Open.
16.00 **Golf.** Swedish Open.
17.00 **Sund.** Keppni ungs fólks.
18.00 **Bifhjólaíþróttir.** Grand Prix keppni í Bretlandi.
19.00 **Hestaíþróttir.**
20.00 **Golf.** Swedish Open.
22.00 **Bifhjólaíþróttir.** Grand Prix keppni í Bretlandi.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Heimildarmynd.**
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
12.30 **Dundee and the Culhane.**
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Poppþáttur.**
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Shoestring.** Sakamálaþáttur.
20.00 **3 Hours to Kill.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**



**Teiknimyndin Kubbaleikar er í Sumarglugganum í dag.**

### Sjónvarp kl. 18.00:

## Sumarglugginn

Að vanda ber margt fyrir Sumarglugga Sjónvarpsins í dag. Farið verður í sveitina og komið við á bóndabæ og rætt við börn um störf þeirra og leiki í sveitinni. Einnig verða dýrin skoðuð, svo sem kanínur, hænur, gæsir, kýr, svín og mörg fleiri.

Í Reykjavík verður skroppið á smíðavöll þar sem börnin eru dugleg við að reisa sér kofa á sumrin. Þá verður Paddington í fullu fjöri.

Teiknimyndir Sumargluggans eru Rottuskotturnar, Kubbaleikar, Tuskudúkkurnar, Litla vélmennið og Bangsi litli. Nokkrum teikningum eftir börn verður einnig brugðið upp.

Umsjónarmaður Sumargluggans er Árný Jóhannsdóttir.

### Rás 1 kl. 10.25:

## Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda

Ný þáttaröð hefur göngu sína á rás 1 í dag, Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda. Í þættinum mun umsjónarmaðurinn, Sverrir Tómasson, kynna norrænar bókmenntir frá fyrri tíð, einkum þó þær frásagnir sem lítt eru kunnar íslenskum hlustendum.

Í fyrsta þætti sínum mun Sverrir segja frá frönskum smásögum sem upphaflega voru samdar á 12. öld en þýddar á norrænu um miðja 13. öld. Lesnar verða sögur úr Strengleikum en svo nefnist franska sagnasafnið í norrænni bókmenntasögu.

Jarteinasögur og ævintýri úr þýðingum frá 14. öld og síðar verða síðan kynntar í næstu þáttum. Ætlunin er að krydda einnig þáttinn með öðru en sögum og mun þá margvíslegur fróðleikur forn verða borinn á borð, m.a. landafræði, lækningabækur og heimspeki.



**William Shatner reynir að hughreysta Lee Grant á sjúkrahúsinu.**

### Stöð 2 kl. 23.55:

## Heimsóknartími

Deborah Ballin er sjónvarpsfréttakona sem segir skoðanir sínar umbúðalaust, kona sem fær almenning til að leiða hugann að atburðum líðandi stundar. Nýjasta viðfangsefni hennar er kvennabaráttan. Umfjöllun hennar olli miklu umróti. Reiðir áhorfendur skrifuðu henni bréf sem sum hver voru ansi heiftúðleg.

En einn er þó sá áhorfandi sem lætur sér ekki nægja að senda hatursbréf til fréttakonunnar. Umfjöllun hennar vekur upp sársaukafullar endurminningar og maðurinn einsetur sér að koma fréttakonunni fyrir kattarnef. Það ætlar hann að gera á sjúkrahúsi þar sem hún liggur.

Lee Grant leikur fréttakonuna en Michael Ironside brjálæðinginn. Aðrir leikarar eru m.a. William Shatner og Linda Purl, sem líklega er þekktust fyrir hlutverk sitt sem dóttir Bens Matlock lögfræðings.

Maltin segir myndina hið versta rusl.

### Rás 2 kl. 13.00:

## Í sólskinsskapi í regngalla og stígvélum

Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Skúli Helgason ætla að halda uppi lífi og fjöri í takt við verslunarmannahelgina í þætti á rás 2 í dag kl. 13. Efnið kemur úr ýmsum áttum og er sniðið að smekk sem flestra.

Skötuhjúin ræða m.a. við forsvarsmenn útihátíða um gang mála, skotið verður inn upplýsingum um veður og umferð og hlustendum boðið að láta ljós sitt skína.

Auk alls þessa verður leikin upptaka frá blaðamannafundi sem Paul McCartney hélt nýlega í London þar sem hann tilkynnti fyrstu hljómleikaferð sína í rúman áratug. Viðtal þetta er skemmtilegur viðauki við þætti Skúla um bítilinn fyrrverandi sem fluttir voru á rás 2 fyrir skömmu.